

Er pláss í pottinum?

Samantekt um rekstur og arðsemi
baðlóna á Íslandi
2021 – 2024





Um samantektina

PwC hefur tekið saman ýmsar upplýsingar úr ársreikningum 10 valinna fyrirtækja sem reka baðlón á Íslandi fyrir tímabilið 2021 - 2024. Val fyrirtækjanna sem eru til skoðunar byggir á stærð með tilliti til veltu.

Tilgangur samantektarinnar er að gefa lesendum heildstæðan samanburð á rekstri og arðsemi fyrirtækjanna. Ekki er verið að greina frá öllum þeim fyrirtækjum sem reka baðlón. Upplýsingarnar gætu náð yfir aðra starfsemi, svo sem hótél- og veitingarekstur sem er ekki aðgreint eða fjallað um sérstaklega í samantektinni.


Til að auðvelda lestur samantektarinnar er vísað til baðlónsins sem fyrirtækin reka.

Bláa lónið er umsvifamest og útlagi í ýmsum samanburðum og því fjallar samantektin gjarnan um fyrirtækið og áhrifin af jarðhræringunum á Reykjanesi.

Fyrirtækin

	Baðlón	Tekjur 2024 (m.kr.)
Bláa Lónið Ísland ehf.	Bláa lónið	14.254
Sky Lagoon ehf.	Sky Lagoon	6.275
Hvammsvík sjóböð ehf.	Hvammsvík sjóböð	1.314
Jarðböðin hf.	Jarðböðin	1.141
Skógarböð ehf.	Skógarböðin	987
Gamla laugin ehf.	Secret Lagoon	898
Vök Baths ehf.	Vök Baths	597
Gufa - Laugarvatn Fontana ehf.	Laugarvatn Fontana	522
Krauma Náttúrulaugar ehf.	Krauma	318
Sjóðböð ehf.	GeoSea	313
Samtals		26.619

Tekjur (m.kr.)



38%


Árlegur meðalvöxtur tekna

Frá árinu 2021 hafa rekstrartekjur fyrirtækjanna vaxið úr 10,2 milljörðum króna upp í 26,6 milljarða. Árlegur meðalvöxtur er 38% yfir tímabilið, en 71% milli 2021 til 2023.

*Jarðhræringar á Reykjanesi árið 2024 höfðu veruleg áhrif á rekstur Bláa Lónsins, sem leiddi til tekjusamdráttar samanborið við árið 2023.

Vöxtur tekna síðustu ára umtalsverður



Tekjur (m.kr.)



Hlutdeild tekna eykst hjá smærri rekstraraðilum

Á skífuritunum má sjá skiptingu á markaðshlutdeild miðað við fyrirtækin sem komu til skoðunar í samantekt þessari.

Bláa lónið er með hæstu markaðshlutdeild af þessum fyrirtækjum sem voru til skoðunar, enda opnaði Bláa lónið árið 1987 og er með lengstu rekstrarsöguna á markaðnum. Sky Lagoon er þar á eftir og hafa komið ansi sterkir til leiks á markaðinn þrátt fyrir að hafa stutta rekstrarsögu, en Sky Lagoon opnaði árið 2021.




EBITDA framlegð dregst saman á milli ára

Á súluritinu má sjá EBITDA (m.kr.) og EBITDA sem hlutfall af veltu (%).

Heildar EBITDA fyrirtækjanna nam um 5,6 milljarða króna árið 2022 og 8,6 milljarða árið 2023. Árið 2024 varð lækkun vegna jarðhræringa á Reykjanesi en þá nam heildar EBITDA um 4,3 milljarða króna.


Rekstur baðlóna á Íslandi virðist ganga vel og vera arðbær en framlegð var á bilinu 3% - 42% á árinu 2024 og 9% - 47% á árinu 2023.

Sky Lagoon leigir jarðböð og húsnæði undir starfsemi sína en að frádregnum rekstrarleigugjöldum reiknast EBITDA fyrirtækisins fyrir rekstrarárið 2024 um 38% sem er í takt við hin baðlónin, að undanskildu Bláa lóninu.



Stöðugildi rjúka upp en ekki án sveiflna

Stöðugildi



Almennt séð hefur meðalfjöldi stöðugilda aukist á undanförunum árum.

Fjöldi stöðugilda árið 2024 er 796 miðað við 937 árið áður.


Bláa Lónið er leiðandi í fjölda stöðugilda, en jarðhræringar á Reykjanesi leiddu til samdráttar árið 2024.

Rekstrarhagkvæmni fer vaxandi hjá flestum

Á súluritinu má sjá þróun rekstrargjalda sem hlutfall af veltu hjá baðlónum á Íslandi fyrir árin 2021 – 2024.


Í hlutfalli af veltu er kostnaðarverð seldra vara (KSV) á bilinu 6% - 14%, laun og tengd gjöld á bilinu 18% - 50% og annar rekstrarkostnaður á bilinu 13% - 61%.

Rekstrargjöld sem hlutfall af veltu



Tekjuskattur eykst verulega á milli 2022 og 2023


Tekjuskattur (m.kr.)




Samantekið var heildar gjaldfærður tekjuskattur fyrirtækjanna fyrir rekstrarárið 2024 um 440 milljónir króna en um 1.273 milljónir króna árið 2023.

Almennt séð er vöxtur í tekjuskatti og má þar nefna helst hjá Sky Lagoon. Bláa Lónið er oftast nær stærsti greiðandi tekjuskatts, en lækkunin 2023 - 2024 skýrist af áhrifum jarðhræringa á Reykjanesi á rekstrarafkomu fyrirtækisins.

Eignir (m.kr.)



Eigið fé (m.kr.)



36


milljarðar

Í árslok 2024 námu samanlagðar eignir fyrirtækjanna um 36 milljörðum króna, þar af um 22 milljarðar vegna Bláa Lónsins.

Á árinu 2023 var uppskipting hjá samstæðu Bláa lónsins með þeim hætti að fjögur dótturfélög voru færð undir nýtt móðurfélag í samstæðunni, Bláa Lónið hf. Lækkun eigin fjár Bláa lónsins á milli 2022 og 2023 útskýrist af uppskiptingunni. Samkvæmt opinberum gögnum var tilgangurinn meðal annars að aðgreina kjarnastarfsemi Bláa lónsins.


Eiginfjárlutfall sýnir jafnvægi í skuldsetningu hjá flestum

Að Bláa lóninu undanskildu reiknast eiginfjárlutfall ársins 2024 um 50% að meðaltali. Skuldsetning virðist vera orðin hófleg hjá flestum fyrirtækjunum.



Heildarfjárfesting síðustu ára um 12 milljarðar króna

Fjárfestingar (e. capex) (m.kr.)



Á undanförunum árum hefur uppbygging baðlóna á Íslandi verið umtalsverð.

Heildarfjárfesting baðlóna sem koma til skoðunar í samantekt þessari var um 8 milljarðar króna síðustu fjögur ár. Sky Lagoon leigir baðlón undir starfsemi sína sem útskýrir lægri fjárfestingar á árunum 2021 – 2022. Nature Resort ehf. fjárfesti fyrir 4,1 milljarða króna síðustu fimm ár vegna uppbyggingar Sky Lagoon. Að þeim fjárfestingum meðtöldum reiknast heildarfjárfesting baðlóna síðustu ára um 12 milljarðar króna.

Fjárfestingar Skógarbaðanna og sjóbaðanna í Hvammsvík á árunum 2021 – 2022 eru vegna uppbyggingar, en starfsemi þeirra hófst yfir sama tímabil. Jarðböðin, Sky Lagoon og Laugarvatn Fontana hafa ráðist í stækkun baðlóna, sem skýrir auknar framkvæmdir á árunum 2023 – 2024.

Enn er pláss í pottinum

Jákvæð efnahagsleg áhrif og góð arðsemi



Uppbygging

Í dag eru nokkur baðlón í uppbyggingu en mörg önnur eru á hugmyndastigi og í ljósi þess má segja að enn sé pláss í pottinum. Samantekt okkar dregur skýrt fram að baðlón sem atvinnugrein er í mikilli uppbyggingu og stofnkostnaður er verulegur. Undanfarin ár hefur verið ör vöxtur í greininni og ljóst er að vöxtur atvinnugreinarinnar komi til með að halda áfram, enda hafa baðlónin notið mikilla vinsælda á Íslandi.



Áskoranir og tækifæri

Markaður baðlóna á Íslandi er samkeppnismikill vegna ört vaxandi vinsælda. Helstu áskoranir á markaðnum eru samkeppni, álag á innviði vegna fjölda ferðamanna og árstíðabundin eftirspurn. Helstu tækifæri á markaðnum er sérstök aðgreining frá samkeppnisaðilum í einstakri upplifun, stafrænar lausnir á bókunum og umhverfisvænar lausnir.



Arðbær

Baðlón á Íslandi virðast vera arðbær fjárfesting fyrir samfélagið í formi aukinnar veltu innan ferðaþjónustunnar. Vöxtur síðustu ára hefur skilað efnahagslegum ávinningi í formi arðsemi, aukinna skatttekna og fjölgun starfa. Samhliða hefur fjölbreytileiki og verðmætasköpun í ferðaþjónustu aukist.

Örn Valdimarsson

orn.valdimarsson@pwc.com

Anton Gunnar Ingibergsson

anton.g.ingibergsson@pwc.com

Kári Hallsteinsson

kari.hallsteinsson@pwc.com